

Anton Baldvin Finnsson skipasmiður Akureyri

Afhending 2018/50

Anton Baldvin Finnsson fæddist að Ytri-Á í Ólafsfirði þann 14. júní 1920. Hann lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri 22. janúar 2014. Foreldrar hans voru Sigurbjörn Finnur Björnsson, f. 16.9. 1895, d. 29.5. 1986 og Mundína Freydís Þorláksdóttir, f. 8.4. 1899, d. 5.12. 1985.

Anton sem oftast var kallaður Toni ólst upp á Ytri Á, á Kleifum í Ólafsfirði í stórum systkinahóp. Hann byrjaði snemma að taka til hendinni við vinnu sem tengdist bústörfum og sjósókn og sinnti þeim störfum meðan hann bjó á Kleifum. Toni flutti til Akureyrar árið 1942 og hóf störf við fyrsta slippinn sem byggður var þar. Hann vann þar til ársins 1949 við slípptökur, smíða- og verkamannastörf. Þessi fyrsta vinna utan heimahaganna mótaði vinnu hans til frambúðar. Árið 1949 hóf Toni störf við nýjan og stærri slipp sem var tekinn í notkun á þeim stað sem Slippurinn er með rekstur í dag. Fyrstu 2 árin vann hann hjá Nóa Kristjánssyni en síðan hjá Slippstöðinni hf., þar aflaði hann sér réttinda sem skipasmiður. Toni var þar frá upphafi verkstjóri við slípptökur og sinnti því starfi til ársins 1994, þegar hann lét af störfum 74 ára gamall. Samhliða því vann hann við nýsmíði tréskipa og almennar skipaviðgerðir. Það eru ófá skipin sem hann setti á land og sjósetti, bæði stór og smá á sínum rúmlega 50 ára starfsferli við slípptökur.

Hinn 22. september 1945 kvæntist hann Steinunni Ragnheiði Árnadóttur, f. 5. ágúst 1920. Foreldrar hennar voru Árni Jóhannsson skipstjóri, f. 29. júlí 1883, d. 21. október 1960 og Jóhanna Jónsdóttir, f. 9. júlí 1881, d. 26. september 1971.

Anton og Ragna bjuggu allan sinn hjúskap á Akureyri og lengst af í Ránargötu 25.

Kristján Þór Júlíusson afhenti skjölin í umboði Ragnheiðar Jakobsdóttur, barnabarn Antons og Rögnu. Ekki hafa komið fleiri afhendingar tengdar Antoni.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17. ágúst 2018,

Lára Ágústa Ólafsdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Anton Baldvin Finnsson (1920-2014), skipasmiður			2018 / 50
A-Anton Baldvin Finnsson			
A-Anton Baldvin Finnsson			1942 - 1942
2018 -	A / 1	1	1942- 1942
Dreifibréf Garðars Þorsteinssonar til flokksmanna Sjálfstæðisflokksins til útskýringar á því hvers vegna ekki tókst að mynda þingræðisstjórn í árslok 1942.			